Fullgild rafræn undirskrift
ODDUR GUNNAR JÓNSSON
2026-02-18 13:39:42 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ÞÓRIR HVANNDAL ÓLAFSSON
2026-02-18 19:30:50 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
RÓSA STEINGRÍMSDÓTTIR
2026-02-26 11:27:53 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fundargerð

Miðvikudaginn 10. desember 2025 klukkan 09:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fundar í innviðaráðuneytinu.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Þórir Ólafsson formaður, Rósa Steingrímsdóttir og Oddur Gunnar Jónsson. Fundinn sátu einnig Jóhannes Á. Jóhannesson, áheyrnarfulltrúi og starfsmaður innviðaráðuneytisins, Elmar Björnsson sem ritaði fundargerð.

Fundargögn

- Dagskrá fundar 24. Nóvember
- Drög að 430. fundargerð EFS 27.8.2025
- Drög að 431. fundargerð EFS 11.9.2025
- Drög að 433. fundargerð EFS 8.10.2025
- Drög að 434. fundargerð EFS 24.11.2025
- Erindi frá hreppsnefndarmönnum Skorradalshrepps
- Erindi Vopnafjarðarhrepps
- Umsögn EFS um frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum

1. Samþykkt fundargerða

Fundargerðir 430 frá 27.8.2025, 431 frá 11.9.2025, 433 frá 8.10.2025 og 434 frá 24.11.2025 voru samþykktar.

2. Umræður um reikningsskil sveitarfélaga

EFS átti fund með Reykjavíkurborg 13. nóvember sl. vegna reikningsskila borgarinnar. Fram kom í máli fulltrúa Reykjavíkurborgar að borgin teldi sér ekki skylt að fara eftir tilteknum ákvæðum ársreikningalaga með vísan til þess að reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga gildi framar lögum um ársreikninga. Nefndin telur óljóst á hvaða grundvelli sú túlkun byggir og telur skýra lagaheimild skorta til þess að víkja megi frá ársreikningalögum með reglugerð.

Til þess að varpa frekara ljósi á þetta álitamál boðaði nefndin Björn Inga Óskarsson, lögfræðing á skrifstofu sveitarstjórnarmála hjá innviðaráðuneytinu á sinn fund. Í máli hans kom fram að samkvæmt sveitarstjórnarlögum skuli reikningsskil sveitarfélaga vera í samræmi við lög um ársreikninga - eftir því sem við á. Þar sem ársreikningalögin eru fyrst og fremst sniðin að hagnaðardrifnum félögum hafi hins vegar sú venja skapast í framkvæmd að reglugerðir settar á grundvelli sveitarstjórnarlaga, þ.e. reglugerð umbókhald og ársreikninga sveitarfélaga, gildi framar ársreikningalögum.

Nefndin benti á að í 61. gr. sveitarstjórnarlögum væri að finna skýrt ákvæði um að við gerð ársreikninga sveitarfélaga skuli fara eftir lögum um ársreikninga og að orðalag laganna sé afgerandi. Á sama tíma sé í reglugerðinni að finna ákvæði sem veitir sveitarfélögum heimild

til að víkja frá lögum um ársreikninga. Er það mat nefndarinnar að þessi staða, þar sem lagaákvæði annars vegar og reglugerð hins vegar fara ekki að öllu leyti saman, skapi verulegan óskýrleika og óvissu sem sé hamlandi fyrir störf nefndarinnar. Sérstakt áhyggjuefni lýtur að færslu fjárfestingaeigna á gagnvirði í rekstrarreikning sveitarfélaga. Slík framsetning getur haft þau áhrif að rekstrarniðurstaða virðist betri en undirliggjandi rekstur gefur tilefni til t.d. vegna hækkunar fasteignaverðs, án þess að undirliggjandi rekstur hafi batnað.

Hlutverk EFS er að hafa almennt eftirlit með því að fjármál sveitarfélaga séu í samræmi við lög og reglur. Nefndin getur því ekki skorið úr um það hvort núverandi framkvæmd sé rétt eða röng en ljóst er að auka þarf skýrleika og samanburðarhæfni þegar kemur að því að meta fjárhag sveitarfélaga. Það er mat nefndarinnar að þörf sé á að skýra betur þær leikreglur sem gilda og mun nefndin senda bréf til innviðaráðherra þar sem bent er á að tryggja þurfi samræmi milli laga og reglugerðar, auka skýrleika og tryggja samanburðarhæfni milli sveitarfélaga.

3. Erindi frá hreppsnefndarmönnum Skorradalshrepps

EFS barst erindi dags. 3. nóvember 2025 frá Pétri Davíðssyni og Óla Rúnari Ástþórssyni, hreppsnefndarmönnum í Skorradalshreppi til innviðaráðuneytisins. Í erindinu er vakin athygli á því að ekki hafi verið gert ráð fyrir fjárheimildum í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins vegna starfa samstarfsnefndar sem sinnti vinnu við undirbúning við sameiningarkosningar Skorradalshrepps og Borgarbyggðar. Einnig var bent á að ekki hafi verið gerður viðauki við fjárhagsáætlun af því tilefni.

Nefndin tekur undir það að tilefni hafi verið til samþykktar viðauka sbr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga áður en stofnað er til kostnaðar. Þá áréttar nefndin að ábyrgð á því að fullnægjandi fjárheimildir séu til staðar hverju sinni, hvíli á sveitarstjórn.

Í ljósi þess að erindinu er bent til innviðaráðuneytisins og málið er þar til úrvinnslu tekur nefndin ekki að öðru leyti afstöðu til málsins.

4. Erindi frá Vopnafjarðarhreppi

EFS barst erindi frá innviðaráðuneytinu dags. 8. desember, ásamt erindi frá Vopnafirði dags. 4. desember þar sem óskað er eftir umsögn um beiðni Vopnafjarðar um 5 m.kr. framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna kostnaðar við úttekt á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

Fram kemur í erindinu að sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps hafi í kjölfar bréfs EFS til sveitarstjórnar, þar sem bent var á veikleika í rekstri A-hluta, samþykkt að ráðast í óháða úttekt á rekstri sveitarfélagsins og fá ráðgjöf um fjárhagslega endurskipulagningu.

Eftir að hafa farið yfir gögn málsins og í ljósi upplýsinga sem fram komu á fundi með sveitarstjóra Vopnafjarðarhrepps þann 24. nóvember 2025, mælir eftirlitsnefndin með því að beiðni Vopnafjarðarhrepps um framlag úr Jöfnunarsjóði verði samþykkt.

Fundi slitið klukkan 10:47. Næsti fundur er samkvæmt boðaðri dagskrá.